


1 Sneiðmynd A - A 1:100



2 Sneiðmynd B - B 1:100

Myrkholt Ferðaþjónustuhúsið, Bláskógabyggð

(Lóð nr. 1 Tekin úr landi Myrkholt.)

Staðgr: 00059201

Landnr: 167133

Matshlutanúmer: 01

BYGGINGARLÝSING

a. Almenn

Gistiskálinn Myrkholt

b. Starfsemi og notkun

Sótt er um breytingu á innra skipulagi og gluggasetningu í gistiskálanum Myrkholti, Bláskólabbyggð.

Gistiskálinn Myrkholt er hugsaður fyrir hópa og/eða einstaklinga með sjálfsafreiðslu innritun. Engin starfsmaður verður á svæðinu og verða veitingar matreiðdar af gestum eða aðkeyptar.

Ræstingarþjónusta verður aðkeypt.

Aðalíngangur gistiskálans helst óbreyttur á norðurhlíð skálans.

Pegar gengið er inn um aðalíngang er komið inn í sameiginlegt svæði sem samanstendur af opnu eldhúsi, borðstofu og setustofu. Þetta svæði helst að mestu óbreytt frá gildandi teikningum (11.08.2008) en hér verður bætt við tveimur salernum og mun annað uppfylla reglur um algilda hönnun skv. gr. 6.1.3.gr. Kröfur um algilda hönnun.

Í vesturhluta gistiskálans er núverandi gistidálma með 8 herbergi sem eru með sameiginleg salerni og sturtu (11.08.2008). Breytingin er á innra skipulagi í öllum vesturhluta gistiskálans og verða núverandi 8 herbergjum og sameiginlegum baðherbergjum breytt í 6 tveggja manna herbergi, öll með sér baðherbergi. Eitt af þessum 6 herbergjum mun uppfylla reglur um algilda hönnun skv. gr. 6.10.1. gr. Almenn (gististarfsemi, dvalarheimili, heimavistir o.þ.h.).

Gluggasetningu verður breytt svo að hvert herbergi verður með stóran glugga, sem verður byggður út, sem nýttist sem sæti. Einnig verður bætt við svalahurð í hvert herbergi sem nýttist sem neyðarútgangur. Fyrir framan alla neyðarútganga verður pallur.

Lofthæð verður hækkuð í herbergjum og verða nýjar burðarþolsteikningar fyrir vesturhluta gistiskálans lagðar inn með Aðaluppdráttum.

Gert er ráð fyrir 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða nálgætt aðalíngangi hótelsins.

c. Helstu stærðir:

Byggingin er á einni hæð

Samtals heildarflatarmál húss 285,8 m²

Heildarrúmmál húss m/ Gólf 1268,3 m³

d. Stærð lóðar og nýtingarhlutfall:

Lóðarstærð 9879m²

Nýting lóðar 285,8m² / 9879m² - 0,028

e. Burðarvirki

HÚSID Er byggt úr **TIMBRI FRÁ S.G HÚS SELFOSSI**, Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

UNDIRSTÖÐUR: Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

Undirstöður eru úr járnbentri steinsteypu, er einangrist með 75mm plast- eða steinullareinangrun

GÓLF: Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

Gólf er gert úr timbri er einangrist með 150mm steinullareinangrun

f. Utanhúsfragangur

ÚTVEGGIR: Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

Útveggir eru úr 145mm timburgrind, er einangrist með 150mm steinull og klæðist með BÁRUJÁRNS klæðningu

ÞAK: Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

Þak er gert úr timbri, einangrist með 200mm þakull og klæðist með bárujárni. Nýjar burðavirkisteikningar fyrir þak í vesturálmú gistiskálans verða lagðar inn sem fylgiskjöl.

GLUGGAR OG HURÐIR:

Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir úr timbri af viðurkenndum framleiðanda með slitinni kuldabréi. Gler er tvöfalt einangrunargler, tegund er háð samþykki aðalhönnuða og verkkaupa.

Hurðir eru úr timbri.

Gluggasæti verða byggð út frá timburgrind með 95mm timbri og styrkt með vinklum.

Litaval

Litaval hússins sé skv. ákvörðun eiganda.

h. Einangrun byggingarhluta

Einangrun verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012 með áorðnum breytingum. Útreikningar á einangrunargildi eru skv. ÍST 66:2016.

Sjá orkuramma fyrir Sölkugötu 17.

i. Innanhúsfragangur

Loft

Böð og votrími ásamt tæknirýmum eru klædd heilum rakapólnum plötum.

Loft í vesturálmú Gistiskála eru frágengin með loftadúk. Loft í austurhluta gistiskála haldað óbreytt en verða máluð í ljósum lit.

Gerð innveggja og innihurða

Inniveggir:

Nýir veggir innan herbergisgangs eru gerðir úr 95mm timburgrind, klæddir með 9mm krossvið og 13mm gipsplötum á báðum hlíðum. Einangraðir með 95mm ullaereinangrun

Allar klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 1.

Innihurðir:

Innihurðir verða verksmiðjuframleiddar innihurðir. Hurðir verða spónlagðar að vali innanhússarkitekts. Engar hurðir eru mjórrt en 850mm ljósmál.

a. Lagnaleiðir, upphitun og loftræsting

Inntök og lagnaleiðir

Inntök fyrir heitt og kalt vatn er staðsett í ræstingunni.

Inntök fyrir rafmagn er staðsett í ræstingunni.

Upphitun

Upphitun hússins verður með hitaveitu með ofnum. Ofnalagnir verða staðsettar í útveggjum.

Loftræsting

Frá lokuðum rýmum komi loftræsting

Frárennslislagnir

Frárennslir eru úr PP efni innanhúss en notað er PVC efni í frárennslu utanhúss og undir plötu.

Skrifkjallari er undir öllu húsinu til tenginga. Hæð um 900mm. Gaumlúga að skrifkjallara er staðsett í búri.

Neysluvatnslagnir

Verða staðsettar í lofti og innveggjum.

Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett.

b. Rafkerfi

Allt efni skal vera CE-merkt, eða hafa jákvæða umsógn frá HMS um að það uppfylli kröfur byggingarreglugerðar. Við hönnun raf- og fjarskiptalagna skal stuðst við staðlana ÍST 150 og ÍST 151. Fjarskiptalagnir skulu að lágmarki uppfylla kröfur ÍST 151 um lagnaleiðir. Í alrýmum verður notað við dúkaloft þar sem lýsing verður að hluta til fyrir ofan dúk og skal aðgengi tryggt að þeim ljósum og tengingum. Sökkulskaut skal tengt aðaltöflu í bílskúr. Lýsing á lóð verður lágstemmd óbein lýsing við bílastæði og að inngöngum íbúða. Öll ytri lýsing verður gerð í samræmi við gildandi deiliskipulagi.

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 24-020) í janúar 2024 fyrir þegar byggt gistihús á Myrká, Bláskógabyggð sem verið er að breyta. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a. Ekki er um að ræða frekari brunavarnarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er í notkunarflokki 4 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða gistihús fyrir allt að 12 gesti í sex gistiherbergjum.

Brunahólfun

Byggingin er eitt meginbrunahólf en skiptist í nokkur brunahólf.

Hvert gistiherbergi er sér brunahólf.

Gangur við gistiherbergi er sér brunahólf.

Borðstofa, setustofa og eldhús er sér brunahólf.

Frávik og rökstuðingur:

Eldhús er í sama brunahólf og setustofa enda einungis eldunaraðstaða fyrir gesti en ekki veitingahúsaeldhús.

Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R60.

Brunamótstaða aðalburðarvirkis þaks er a.m.k. R30.

Klæðningar

Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.

Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-d0).

Gólfefni í göngum og sal eru í flokki G (Dfl-s1).

Veðurkapa er í flokki A,s1-d0.

Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir

Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.

Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá herbergjagöngum. Auk þess er flóttaleið beint út frá hverju gistiherbergi.

Flóttahurðir skulu almennt vera a.m.k. vera húnn og snerill.

Í hverju gistiherbergi skal vera flóttaleiðauppdráttur sem tilgreinir flóttaleiðir og helstu viðbrögð við bruna.

Öryggiskerfi

Öryggiskerfi er í allri byggingunni sem tengist viðurkenndri vaktstöð. Miðað er við a.m.k. einn skynjara fyrir hverja 80 m² og einn reykskynjara í hverju gistiherbergi.

Loftræsikerfi

Ekki er reiknað með að loftræsikerfi fari á milli brunahólf.

Reyklosun

Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur eru skv. ÍST EN 671 er í byggingunni skv. teikningu. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngu en auk þess vera skv. teikningum, t.d. 6 L létvatn og 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslöngu og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Leiðar- og neyðarlýsing

Leiðar- og neyðarlýsing er í allri byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.

Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í flóttaleiðum og göngum.

Neyðarlýsing skv. „opnum svæðum“ (0,5 lux) er í borðsal, setustofu, eldhúsi og salernum fatlaðra.

Leiðarljós verða við alla útganga hússins.

Brunaþéttingar

Brunaþéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og vinnast af viðurkenndum aðilum.

Sérstök eldhætta

Etanol-arinn í setustofu skal vera CE merktur.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma slökkviliðs er frá Árborg. Þar sem húsið er á stærð við íbúðarhús er gert ráð fyrir að slökkvivatn verði leyst með dælubílum slökkviliðs ef brunahanar eru ekki á svæðinu.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum (neyðarlýsingu, handvirkum slökkvibúnaði og leiðar- og neyðarlýsingu).

. m. Hljóðvist

Hljóðkrafan fyrir gistiherbergin er 52 db.

n. Öryggisbúnaður

Ekki er um neinn sértækan öryggisbúnað að ræða í byggingunni

o. Tæknibúnaður

Ekki er um neinn tæknibúnað að ræða í byggingunni utan

p. Algild hönnun

Byggingin fellur undir ákvæði algildrar hönnunar skv. gr. 6.1.3. gr. Kröfur um

algilda hönnun.

Kómunartölur- Óbreytt frá gildandi Aðaluppdráttum (11.08.2008).

Botnplata..... 0,3 w / m²k

Útveggir..... 0,3 w / m²k

Gler og karmar..... 2,0 w / m²k

Hurðir..... 3,0 w / m²k

Þak..... 0,2 w / m²k

Verkefni:


Myrkholt Gistiskáli

Heimilisfang:	Myrkholt
Sveitafélag:	Bláskógabyggð
Verkhlut:	Aðaluppdráttur
Skyringatexti:	Snið og byggingarlýsing

hannað / teiknað	AS/EBJ
Staðgreinir:	00059201
yfirfarið / samþykkt:	AS
Landnúmer:	167133
mælikvarði:	1 : 100@A2

Arkitekt: Aðalsteinn Snorrason kt: 161161-2769	arkitekt faí Dagsetning:01.02.2024
---	---------------------------------------

EDDA BJÖRG	(99)-01.02 Teikning
-------------------	------------------------



- TÁKN Á TEIKNINGU
- [R] Reykskynjari
 - SL Síökkviltæki
 - LR Loftræsting
 - GK Gólfkótar
 - GN Gólfniðurfall
 - [NL] Neyðarlýsing
 - [0101] Matshluti
 - ☉ Brunaslanga
 - ÚT Merktur Útgangur

1 Grunnmynd Myrkholt 1:100


Verkefni:
Myrkholt Gistiskáli

Heimilisfang: Myrkholt
Sveitafélag: Bláskógabyggð
Verkhúti: Aðaluppdráttur
Skyringatexti: Grunnmynd


hannað / teiknað AS/EBJ
Staðgreinir: 00059201
yfirfarið / samþykkt: AS
Landnúmer: 167133
mælikvarði: 1 : 100@A2

Arkitekt: Aðalsteinn Snorrason arkitekt fai
kt: 161161-2769 Dagsetning:01.02.2024


EDDA BJÖRG (99)-01.01
Teikning




1 Suður 1:100



2 Vestur 1:100



3 Norður 1:100



4 Austur 1:100

Verkefni:
Myrkholt Gistiskáli

Heimilisfang: Myrkholt
Sveitafélag: Bláskógabyggð
Verkhúti: Aðaluppdráttur
Skýringatexti: Útlit

hannað / teiknað AS/EBJ
Staðgreinir: 00059201
yfirfarið / samþykkt: AS
Landnúmer: 167133
mælikvarði: 1 : 100@A2

Arkitekt: Aðalsteinn Snorrason arkitekt faí
kt: 161161-2769 Dagsetning:01.02.2024

EDDA BJÖRG (99)-01.03
Teikning